

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	TITILL	
104203 MIN-001-V03 DRÖG til kynningar á vinnslustigi	Umhverfismatsskýrsla Suðurströnd Kársnes, deiliskipulag	
DAGS.	VERKKAUPI	TILVÍSUNARNÚMER
29.10.2025	Kópavogsbær	...
SENDANDI	MÓTTAKANDI	DREIFING
Hrafnhildur Brynjólfsson	Skipulagsfulltrúi	Kópavogsbær

UMHVERFISMATSSKÝRSLA


Umhverfismatsskýrsla þessi fylgir **vinnslutillögu** að deiliskipulagi suðurstrandar Kársnes. Samantekt umhverfisskýrslu er birt í deiliskipulagstillögunni.

Hér er lagt mat á umhverfisáhrif vinnslutillögunnar í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Að lokinni kynningu vinnslutillögu verður farið yfir þær ábendingar sem berast og uppfærð umhverfismatsskýrsla mun fylgja tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar.

DEILISKIPULAG SUÐURSTRÖND KÁRSNES - VINNSLUTILLAGA

Í vinnslutillögu að **deiliskipulagi** fyrir suðurströnd Kársnes er sett stefna um göngustíg og hjólastíg með ströndinni, sjávarmegin við lóðir milli Þinghólsbrautar 71 og Sunnubrautar 2. Á þessum kafla er í dag 3m breiður sameiginlegur göngu- og hjólastígur en deiliskipulagið gerir ráð fyrir að þarna komi aðskildur göngu- og hjólastígur með útsýnis og áningarstöðum. Sú stefna er í samræmi við gildandi aðalskipulags um uppbyggingu stofnstíganets í Kópavogi, en stofnstígar tengja saman sveitarfélög og hverfishluta á meðan tengistígar tengja saman almenna stígakerfið og stofnstígakerfið. Meðfylgjandi myndir eru skjáskot af www.map.is/kopavogur.



MYND 1. Svæði þar sem í dag er 3m breiður stígur en deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir aðskildum göngu- og hjólastíg.


FORSENDUR

Skipulagssvæðið afmarkast til norðurs af lóðarmörkum byggðar við Sunnubraut og Þinghólsbraut. Svæðinu milli lóða og fjöru hefur að mestu verið raskað. Þar eru grassvæði, um 3 m sameiginlegur göngu- og hjólastígur og áningarstaðir. Við Sunnubraut 58 er dælustöð fráveitu og vestan við Sunnubraut 47 er gamalt bátaskýli. Lagnir eru í eða við göngustíginn eftir allri strandlengjunni. Við fjörmörk milli Þinghólsbrautar 61 og austur að Sunnubraut 20 er grjótgarður neðan við göngustíginn. Grjótgarðurinn fylgir að mestu náttúrulegum fjörmörkum en ofan hans hefur land verið jafnað með óverulegum landfyllingum. Neðan grjótgarðsins er fjaran lítt röskuð náttúruleg þangfjara. Neðan Sunnubrautar liggja tvær regnvatnslagnir út í fjöruna og við dælustöðina liggur stór yfirfallslögn út í sjó auk þess sem þar kemur fráveitulögn að landi sem liggur yfir Kópavog frá Garðabæ.



MYND 2. Svipmyndir af strandsvæðinu við suðurströnd Kársnes.

Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs var friðlýstur sem búsvæði árið 2012. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Í Fossvogi og Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu. Efri mörk verndarsvæðanna liggja við land og fjörmörk sunnan megin Kársness skv. friðlýsingarskilmálum. Mörk friðlýsta svæðisins er sýnt á meðfylgjandi mynd skv. gögnum Náttúrverndarstofnunar og eru þau sýnd á meðfylgjandi mynd.



MYND 3. Mörk friðlýst svæðis Skerjafjörður eru við land og fjöromörk

Túnið sunnan við Kópavogsbæinn er hverfisverndað í aðalskipulagi Kópavogs og er hverfisverndaða svæðinu lýst svo í aðalskipulaginu:

Kópavogsbærinn, Hressingarhælið og túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi að sjó er hverfisverndað (bæjarverndað). Bærinn Kópavogur var eitt fjögurra lögbýla í Kópavogi og minnst þeirra. Bærinn var byggður á árunum 1903-1904. Í fornleifaskrá Kópavogs er mikilvægi Kópavogsbæjar og Kópavogsþingstaðar svona lýst: „Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum.

Fyrir hverfisvernduð svæði í Kópavogi hafa verið sett markmið í aðalskipulagi um að yfirbragði og einkennum byggðarinnar og stöðum sem hafa sérstöðu sökum náttúru, sögu eða umhverfis verði ekki raskað, og mikilvægar náttúru- og menningarminjar í Kópavogi skulu njóta verndar. Ákvæði hverfisverndar segja til um að ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á hverfisvernduðum (bæjarvernduðum) svæðum en þeim sem tengjast beint hlutverki svæðanna. Hér er átt við m.a. stíga, áningarstaði og gróður. Framkvæmdir innan svæðanna mega þó ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda. Tvöföldun stíga innan hverfisverndaðs svæðis fellur að hlutverki þess.

Suðurströnd Kársnes er mikilvægt útivistarsvæði. Þar er gott aðgengi að náttúrulegri þangfjöru og á nokkrum stöðum er aðgengi að sjó fyrir bát um bátarennu. Núverandi stígur er á landi milli fjöru og sjávarlóða húsa. Víðast er ekki mikil fjarlægð frá lóðamörkum að núverandi stíg, oft á milli 1-12 metrar, en lengra á milli fyrir einhverjar lóðir.

Á nokkrum sjávarlóðum við Sunnubraut hefur afmörkun lóða farið umfram upphaflega ætluð lóðamörk og er ekki í samræmi við úthlutun lóðanna á sínum tíma. Í lóðaleigusamningum við lóðarhafa, sem hafa verið endurnýjaðir nýverið, kemur eftirfarandi fram; *Lóðarmörkum lóðarinnar verður ekki breytt sbr. þinglýsta samninga en lóðarhafa er heimiluð á hans ábyrgð afnot þess lands sem hann hefur helgað sér á meðan Kópavogsbær þarf ekki á því landi að halda ...svo sem vegna framkvæmda við veitumannvirki og stígagerð. .. Lóðarhafi samþykkir graftar heimild til Kópavogsbæjar og veitufyrirtækja ef þess gerist þörf að mati Kópavogsbæjar vegna vatnsveitu, fráveitu eða stígagerðar Kópavogs...* Á meðfylgjandi mynd má sjá lóðamörk við Sunnumörk 35-47, svæði sem lóðarhafa hafa helgað sér utan lóðamarka og staðsetningu núverandi stígs. Á lóð nr. 37 er veggur sem afmarkar lóðina skv. lóðamörkum.



MYND 4. Sunnubraut 35-47, skjáskot af map.is/kópavogur.

Engar skráðar fornminjar eru á skipulagssvæðinu.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Deiliskipulagið er í samræmi við meginmarkmið **Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040** um grunnkerfi bæjarins með því að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi sem taki mið af sjálfbærri þróun. Samgöngur verði öruggar og greiðfærar, efla skal notkun vistvænni samgöngumáta, tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta og leggja áherslu á breyttar ferðavenjur.

Með deiliskipulaginu er unnið samkvæmt markmiðum og áherslum í aðalskipulagi um göngu- og hjólaleiðir:

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum hjóla- og göngustígum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu-, hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.

Stígur á suðurströnd Kársnes er í samræmi við stefnu **svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins-Höfuðborgarsvæðið 2040** um blábráðinn, stíg með strandlengjunni. Aðskildir göngu- og hjólastígar á þessum kafla er hluti af **samgöngusáttmálanum 2019-2040** en hann felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir skipulagssvæðið. Markmiðið er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stórefla almenningssamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga. Umfang hjóla- og göngustíga eykst til muna í uppfærðum samgöngusáttmála en lagðir verða um 80 km af nýjum hjóla- og göngustígum til viðbótar við 20 km sem þegar hafa verið lagðir.



MYND 5. Áætlun um göngu- og hjólastíga í samgöngusáttálanum. Rauður hringur utan um aðskildan stíg á sunnanverðu Kársnesi.

Deiliskipulag

Svæðið sem deiliskipulag suðurstrandar Kársnes nær yfir hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Upp af ströndinni eru fullbyggð íbúðahverfi við Þinghólsbraut og Sunnubraut. Til vesturs er deiliskipulag Kársneshafnar sem var samþykkt 19.03.1990. Breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu en það er hluti af þróunarsvæði Kársnes þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu og þéttingu byggðar. Þar með ströndinni er kvöð um göngu- og hjólastíg/stofnstíg höfuðborgarsvæðisins. Til austurs er deiliskipulag Kópavogstúns (samþykkt 08.11.2005) og þar er gert ráð fyrir göngustíg með ströndinni. Við gerð deiliskipulags suðurstrandar Kársnes er tekið tillit til nærliggjandi deiliskipulagsáætlana.

UMHVERFISÁHRIF

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum á breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir suðurströnd Kársnes eru:

- *Landslag og ásýnd* vegna nýs stígs á strandlengju við hlið þess sem fyrir er.
- *Samfélag* vegna bættra aðstæðna fyrir gangandi og hjólandi og áhrifa af breikkun stígs á græn svæði, nálæga byggð.
- *Öryggi og heilsu* vegna aukins umferðaröryggis og bættra aðstæðna til samgönguhjóleiða.
- *Gróður og dýralíf* vegna mögulegra áhrifa vegna umferðar gangandi og hjólandi og mögulegra áhrifa á friðlýst svæði í Skerjafirði.
- *Náttúruinjar* með hliðsjón friðlýstu svæði Skerjafirði.

Við val á umhverfispáttum var m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogs. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum, Landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Kópavogs, auk viðmiða í Heimsmarkmiðum Sameinuðu

þjóðanna, lögum og reglugerðum, sem og umsögnum í skipulagsferlinu. Áhrif á menningarminjar eru ekki metin þar sem engar fornminjar eru á svæðinu. Í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi Kópavogs var unnið áhættumat vegna loftslagsbreytinga fyrir deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi. Hækkun sjávarstöðu getur haft áhrif því stígurinn liggur lágt í landi við ströndina og aukin tíðni ofsavæður getur haft áhrif á vindafar og öryggi. Fjallað er um þessa þætti í matinu.

Til að meta hugsanleg umhverfisáhrif deiliskipulagsins er notast við þá aðferðafræði að horfa til þess hver séu áætluð áhrif af framfylgd skipulagsins. Lögð er til eftirfarandi einkunnagjöf:



Jákvæð áhrif á umhverfispátt.



Óveruleg áhrif á umhverfispátt.



Neikvæð áhrif á umhverfispátt.



Óviss áhrif ef áhrif á umhverfispátt eru háð útfærslu.

Landslag og ásynd

Í dag er einn stígur fyrir gangandi og hjólandi við strandlengjuna en deiliskipulagið gerir ráð fyrir að nýr stígur tileinkaður hjólandi umferð verði lagður að mestu við hlið hans. Nýr stígur mun hafa áhrif á ásynd svæðisins og auka manngert yfirbragð við ströndina en þar sem þetta er á svæði þar sem stígur er nú þegar, þá verða sjónræn áhrif takmörkuð. Við hönnun stígsins er þess gætt að halda grjótgarðinum sem mest óhreyfðum en á völdum stöðum verður aðgengi gangandi að og frá fjörunni bætt. Áhrif uppbyggingarinnar á **landslag og ásynd** eru metin **óveruleg**.

Samfélag

Aðskilinn stígur fyrir gangandi og hjólandi mun bæta mjög aðstæður fyrir þessa hópa og skapa þægilegra umhverfi fyrir alla. Hjólastígurinn er mikilvægur þáttur í uppbyggingu hjólastígakerfis á höfuðborgarsvæðinu og bætir verulega aðstæður fyrir Aðskilnaður stíga styrkir vistvæna ferðamáta og getur dregið úr bílaumferð. Með því að bæta innviði fyrir gangandi og hjólandi verður auðveldara fyrir íbúa og gesti að velja umhverfisvænni ferðamáta. Þetta stuðlar að bættum loftgæðum, minni mengun og eflingu sjálfbærs borgarskipulags. Nýr stígur gengur óverulega á græn svæði en bæti aðgengi að grænum svæðum, bæði fyrir gangandi og hjólandi. Með því að efla innviði fyrir vistvænar samgöngur, eins og breikkun og bætingu göngu- og hjólastíga, skapast raunverulegur hvati fyrir fólk til að velja umhverfisvænan samgöngumáta.

Deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir að nýr stígur fari inn fyrir hverfisverndaða svæðið Kópavogstún. Minjar Kópavogsbæjarins og hressingarhælisins eru austan við deiliskipulagssvæðið og verða ekki fyrir áhrifum.

Með aukinni umferð um stíga og breiðari stígum getur dregið úr kyrrð og einangrun sem margir sækast eftir í náttúrulegu umhverfi. Þá mun tvöfaldur stígur koma nær nálægum lóðum en sá sem fyrir er. Á móti vega sterk rök til þess að byggja upp gott net fyrir gangandi og hjólandi um höfuðborgarsvæðið og að tryggja aðgengi almennings að þeim gæðum sem strandlengjan býður upp á. Í skipulagslögum er kveðið á um að í þéttbýli skuli lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Breytingin bætir aðgengi að strandsvæði og bætir aðstæður fyrir gangandi og hjólandi og hefur þannig **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag**.

Öryggi og heilsa

Bættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi hvetja til þess að fleiri gangi eða hjóli og með því safnast saman markverður árangur á samfélagslegum skala í átt að kolefnishlutleysi og loftslagsmarkmiðum. Bætt loftgæði og minnkun gróðurhúsalofttegunda stuðlar að betri lýðheilsu og dregur úr kostnaði samfélagsins vegna mengunartengdra heilsufarsvandamála. Þá styðja vistvænar samgöngur við heilsueflingu, skila auknum lífsgæðum og skapa öruggari og hreinna nærumhverfi. Aðskilnaður gangandi og hjólandi eykur öryggi fyrir báða vegfarendahóps og stuðlar að fjölbreyttari notkun og betri aðstæður þar sem svæðið verður aðgengilegra fyrir börn, eldra fólk og einstaklinga með skerta hreyfigetu. Þetta styrkir félagslega þátttöku og eykur útivistarmöguleika fyrir íbúa og gesti. Betri aðstæður verða til framtíðar en búast má við að aukin umferð verði um stíginn eftir því sem aðstæður á stofnstígum höfuðborgarsvæðisins batnar. Við þær aðstæður skiptir aðskilnaður vegfarenda miklu máli fyrir öryggi og hvetur til hreyfingar og eru áhrif á **öryggi og heilsu** metin **jákvæð**.

Gróður og dýralíf

Almennt er það svæði sem nýr stígur verður lagður á raskað svæði og þar er því ekki líklegt að sé að finnist sérstæður gróður. Áhersla er lögð á að raska ekki fjörunni eða manngerðum grjóthleðslum sem afmarka fjörusvæðið. Fuglalíf á svæðinu ætti nú þegar að hafa aðlagast að umferð og nábýli við fólk. Nýr stígur verður lagður fjær fjörunni og truflun í þannig lágmörkuð, en áfram er gert ráð fyrir að fólk geti heimsótt fjöruna. Ekki er líklegt að nýr stígur hafi veruleg áhrif varp, þar sem svæðið sem er tekið undir nýjan stíg er ólíklega mikið varpsvæði. Skerjafjörður er friðlýst búsvæði til að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Í breytingunni er þess sérstaklega gætt að raska ekki því svæði sem er friðlýst og bætt uppbygging stíga styður við útivistar- og fræðslugildi svæðisins. Pangfjöru, leirum og grunnsævi er ekki raskað og eru áhrif **gróður og dýralíf** metin **óveruleg**.

Valkostir

Skoðaðir voru fimm valkostir fyrir endurbætur á útivistarstíg með ströndinni. Greiningin¹ tók mið af notagildi og samspili við ólíka notendahópa, og ef stefnu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, þar sem lögð er áhersla á að styrkja innviði fyrir virka ferðamáta og tryggja aðgengi og öryggi fyrir alla notendahópa. Valkostirnir snéru að mismunandi útfærslu á bættum aðstæðum fyrir hjólandi.

1. Nýr hjólastígur lagður við hlið núverandi stígs, en á hluta leiðarinnar yrði göngustígurinn færður út á göngubru ofan á grjótvörninni. Greind voru neikvæð áhrif á strönd og nálægð við verndarsvæði, og viðhald og snjómokstur yrðu erfið á trébrú. Gangandi væru líklegir til að nota hjólastíginn á snjóadögum.
2. Tvöföldun stígs alla leið á landi. Þessi valkostur var metinn líklegur til að ná markmiðum um aðskilda strauma gangandi og hjólandi, og tryggja að ekki yrði rask á strönd með áhrifum á verndarsvæðið.
3. Stígur ekki tvöfaldaður á suðurströnd Kársnes en umferð hjólandi beint um Urðarbraut og Borgarholtsbraut/Kópavogsbraut/Pinghólsbraut, og gangandi um sjávarstíg. Bæði veghalli, lengri vegalengd og fjöldi innkeyrslna á leiðinni er líkleg til að valda því að meginþorri hjólreiðafólks muni velja strandstíginn fram yfir þessa lausn.
4. Stígur ekki tvöfaldaður á suðurströnd Kársnes en umferð hjólandi beint um Sunnubraut og gangandi um ströndina. Þessi valkostur er ekki líklegir til að ná því markmiði að aðgreina strauma hjólandi og gangandi. Miklar líkur eru að stór hluti hjólandi haldi sig við strandstíginn sem ætlaður er gangandi

¹ Urbana + P/Áss, 2025. Útivistarstígur á Kársnesi – Rýni á valkostum. Unnið fyrir gatnadeild Kópavogsbæjar.

5. Stígur tvöfaldaður nema á 300m kafla þar sem áfram yrði einbreiður sameiginlegur stígur fyrir bæði gangandi og hjólandi. Erfitt yrði að stilla hraða hjóla og gönguhraða á þessum litla kafla og því væri alltaf betra að stígurinn yrði tvöfaldur alla leið.

Niðurstaða þessa samanburðar er að valkostur 2 sé besti kosturinn fyrir virkar samgöngur á svæðinu, tryggði best flæði, aðskilnað vegfarendahópa og væri bestur fyrir umhverfið.

SAMANTEKT UMHVERFISMATSSKÝRSLU

Þegar á heildina er litið þá er tillaga að deiliskipulagi fyrir suðurströnd Kársnes með aðskildum göngu- og hjólastíg líkleg til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

Landslag og ásýnd	Óveruleg áhrif á landslag og ásýnd. Ekki er hróflað við mörkum lands og strandar og nýr stígur lagður við hlið þess sem fyrir er. Áhrif á hverfisverndað svæði Kópavogstúns eru engin.	
Samfélag	Jákvæð áhrif á aðstæður fyrir virka ferðamáta, aðgengi að gæðum strandarinnar fyrir almenning og bætt net stofnstíga.	
Öryggi og heilsa	Jákvæð áhrif á öryggi með aðskilnaði vegfarendahópa og á heilsu með innviðum sem hvetja til hreyfingar.	
Gróður og dýralíf	Þangfjöru, leirum og grunnsævi er ekki raskað og áhrif á gróður og dýralíf og verndarsvæði Skerjafjarðar eru metin óveruleg.	

Deiliskipulag er í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um nýja hjólaleið var valinn kostur sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að draga úr áhrifum vegna nýs stígs er brugðist við í deiliskipulagi með raska ekki svæðinu þar sem strönd og stígur mætast og lágmarka það svæði sem tvöfaldur stígur tekur yfir, bæði til að lágmarka áhrif á land og nágranna.

KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulag suðurstrandar Kársnes er unnið í nánú samstarfi skipulagshönnuða, skipulagsfulltrúa, verkefnisstjóra skipulags, skipulagsráðs Kópavogs og bæjarstjórnar Kópavogs. Sótt var ráðgjöf um hönnun stíga, mat á valkostum og áhrif breikkunar útivistarstígs meðfram friðlýstri strandlengju Kársnes á nærliggjandi umhverfi. Við útfærslu deiliskipulags og mat á umhverfisáhrifum skipulags var tekið mið af því.

Skipulagstillaga sem gerði ráð fyrir breikkun útivistarstígs sem að hluta færi yfir grjóttgarðinn á mörkum strandar og lands var í vinnslu árið 2021. Mótstaða reyndist við þá útfærslu, sérstaklega vegna þess að gert var ráð fyrir færslu á grjóttvörn, raski á fjörusvæði og að gönguleið yrði að hluta ofan á grjóttvörn. Þá var m.a. bent á að göngubryggja á timburstólpum eyðilegði náttúrulega ásýnd fjörunnar, hefti beint aðgengi að fjörunni og yrði hált í bleytu og snjó, auk þess að ekki væri ásættanlegt að raska fjörumörkum. Fallið var frá þessum tillögum og er nú komin fram ný tillaga sem er kynnt á vinnslustigi og óskað eftir ábendingum og umsögnum um efni hennar í skipulagsgátt.

Við kynningu tillögu á vinnslustigi er óskað eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum og verður fleirum bætt við listann ef óskir berast um það, áður en tillagan verður auglýst:

- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík
- Garðabær
- Landsamtök hjólreiðamanna
- O.fl.

Stefnt er að því að auglýsa tillögu að deiliskipulagi suðurstrandar Kársnes árið 2026.